



Borgarráð

Skil á húsnæði leikskólans Miðborgar við Njálsgötu 9-11 og flutning starfseminnar í Ævintýraborg við Vörðuskóla

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagða tillögu sviðstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 28. mars 2023, um skil á húsnæði leikskólans Miðborgar við Njálsgötu 9-11 og flutning starfseminnar í Ævintýraborg við Vörðuskóla, þó með þeirri breytingu að þess verði gætt að leikskólastarf leggist ekki af fyrr en Ævintýraborg við Vörðuskóla opnar svo ekki verði rof á starfseminni.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga sviðstjóra skóla- og frístundasvið um skil á húsnæði leikskólans Miðborgar við Njálsgötu 9-11 og flutning starfseminnar í Ævintýraborg við Vörðuskóla, dags. 22. mars 2023



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Tillaga um skil á húsnæði leikskólans Miðborgar við Njálsgötu 9-11 og flutning starfseminnar í Ævintýraborg við Vörðuskóla

Á fundi skóla- og frístundaráð þann 20. mars 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 9. mars 2023:

Lagt er til að starfsstöð leikskólans Miðborgar við Njálsgötu 9-11 verði lögð niður og að húsnæðinu verði skilað til fjármála- og áhættustýringarsviðs þegar leikskólinn fer í sumarleyfi og hefji starfsemi í Ævintýraborg við Vörðuskóla haustið 2023 þar til að nýr Miðborgarleikskóli rís. Leikskólinn Miðborg reki Ævintýraborgina undir sínum formerkjum og sé þá búið að manna hluta af henni til að auðvelda inntöku nýrra barna í haust.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt með fyrirvara um umsögn foreldraráðs Miðborgar sem hefur nú borist.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:

Tillaga ásamt greinargerð, dags. 9.mars 2023

Umsögn foreldraráðs Miðborgar, dags. 21.mars 2023

TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um skil húsnæðis leikskólans Miðborgar við Njálsgötu 9-11 og flutning starfseminnar í Ævintýraborg við Vörðuskóla

Lagt er til að starfsstöð leikskólans Miðborgar við Njálsgötu 9-11 verði lögð niður og að húsnæðinu verði skilað til fjármála- og áhættustýringarsviðs þegar leikskólinn fer í sumarleyfi og hefji starfsemi í Ævintýraborg við Vörðuskóla haustið 2023 þar til að nýr Miðborgarleikskóli rís. Leikskólinn Miðborg reki Ævintýraborgina undir sínum formerkjum og sé þá búið að manna hluta af henni til að auðvelda inntöku nýrra barna í haust.

Greinargerð:

Leikskólinn Miðborg er rekinn í þremur húsum við Njálsgötu 9-11, Lindargötu 26 og Njálsgötu 70. Til stendur að reisa nýjan leikskóla fyrir Miðborg á svokölluðum Njálsgöturóló og leggja af rekstur á Njálsgötu og Lindargötu. Húsin eru komin til ára sinna og uppfylla ekki kröfur sem skóla- og frístundasvið gerir til leikskólahúsnæðis. Húsið á Njálsgötu er sínu verst og nýverið var gerð úttekt á húsinu þar sem kom í ljós mjög bággt ástand á kjallara hússins. Tekin voru efnissýni sem sýndu að mikilvægt er að laga kjallarann svo hægt sé að nota hann en sýnin greindu mikla myglu.

Svo hægt sé að endurgera kjallarann þarf að tæma húsið og færa leikskólastarfsemina annað. Lagt er til að hún verði færð í tilvonandi Ævintýraborg við Vörðuskóla en áætlað er að þar komi fjögurra deilda leikskóli. Áætlað er að framkvæmdir við Njálsgötu taki að lágmarki 8 mánuði en líklega lengur því líkur á að verkið vindi upp á sig eru meiri í svona gömlu húsi.

Í húsnæðinu á Njálsgötu 9-11 dvelja nú 32 elstu börn leikskólans Miðborgar og þau munu klára leikskólavist sína þar. Farið verður í mótvægisáðgerðir til að tryggja þeim heilsusamlegt umhverfi á meðan þau eru á Njálsgötu 9-11 en það þýðir að rými þeirra skerðist og þrengir aðgengi að leikskólanum.

Reykjavík, 21. mars 2023

Umsögn foreldraráðs Miðborgar vegna húsnæðis Njálshorgar

Foreldraráð Miðborgar ályktar í ljósi nýrrar úttektar verkfræðistofunnar Eflu á ástandi húsnæðis Njálshorgar að Njálsgötu 7–9 að húsnæðið sé með öllu ónothæft til áframhaldandi leikskólakennslu. Foreldraráðið styður eindregið fyrirætlanir um að flytja starfsemi elstu deildar Miðborgar úr núverandi húsnæði í nýtt húsnæði sem staðsett verði við Vörðuskóla að Barónsstíg 34.

Forsaga málsins er sú að snemma í desember 2022 kom í ljós að mygla væri í húsnæði Njálshorgar. Þá þegar hafði starfsfólk að sögn komið á framfæri athugasemdum við leikskólayfirvöld um léleg loftgæði í kjallara húsnæðisins sem áhrif hefðu á heilsufar starfsfólks og mögulega barna. Foreldrar höfðu einnig orðið þess áskynja af samtölum við leikskólastarfsfólk að ekki væri allt með felldu varðandi loftræstingu og gæði húsnæðisins. Í kjölfarið var húsnæðið tekið út og bentu niðurstöður úttektarinnar til heilsuspillandi skemmda og mygluvaxtar sem bregðast þurfti hratt við.

Þann 9. janúar 2023 var fundur haldinn með starfsfólki og foreldrum barna á Njálshorg þar sem farið var yfir úttektina og áætlanir um úrbætur. Á fundinum kom fram að hægt væri að hemja mygluvöxt tímabundið í rýmum sem nauðsynlegt væri að halda opnum vegna starfseminnar, þ.e. salernum og fataherbergi í kjallara auk eins leikherbergis, en öðrum rýmum í kjallara yrði læst og þau einangruð frá starfsemi leikskólans. Til að hægt væri að halda starfsemi leikskólans gangandi þurfti þó að loka húsnæðinu að Njálsgötu í viku svo hægt væri að framkvæma lágmarkslagfæringar á þessum rýmum. Það var gert í viku, 20.–27. febrúar. Á fyrrgreindum fundi kom einnig skýrt fram sú fyrirætlan leikskólayfirvalda að leikskólakennsla yrði í framhaldinu alfarið lögð niður í núverandi húsnæði Njálshorgar eftir sumarlokun leikskólans sumarið 2023. Jafnframt kom fram á fundinum að áætlað væri að koma núverandi starfsemi Njálshorgar fyrir tímabundið í nýjum byggingum á lóð Vörðuskóla við Barónsstíg frá og með næsta hausti.

Foreldraráð Miðborgar treystir því að við ofangreinda fyrirætlan verði staðið enda ljóst að húsnæðið að Njálsgötu 7–9 er óhæft með öllu til reksturs leikskóla, hvort sem litið er til þarfa leikskólabarna eða starfsfólks leikskólans. *Foreldraráðið minnir á að sérstaka varúð þarf að viðhafa við starf með börnum enda benda allar rannsóknir til þess að þau séu afar viðkvæm fyrir áhrifum myglu og annarra heilsuspillandi umhverfisþátta, sem geta haft langvarandi og varanlegar afleiðingar á heilsufar þeirra.*

Í ljósi málsins alls sér foreldraráðið enga meinbugi á því að starfsemi Njálshorgar verði í heild sinni flutt í hið nýja húsnæði á lóð Vörðuskóla og fagnar því að starfsfólk og börn komist í nýtt og gott húsnæði sem hentar starfsemi leikskólans. Um leið telur foreldraráðið sérstaka ástæðu til að taka fram að ekki eigi að koma til nokkurra álita að áframhald verði á leikskólastarfsemi í nokkurri mynd í núverandi húsnæði Njálshorgar.

Í tilefni af fyrirhuguðum flutningum Njálshorgar í nýtt tímabundið húsnæði við Vörðuskóla vill Foreldraráð Miðborgar jafnframt lýsa yfir mikilli óánægju með tafir og óvissu vegna byggingar nýrrar leikskólabyggingar í miðbæ Reykjavíkur sem fyrirhuguð hefur verið í fjölda ára á reitnum þar sem Njálsgöturóló stendur nú. Foreldraráðið leggur hart að Reykjavíkurborg að standa við fyrri áætlanir

um metnaðarfulla uppbyggingu leikskólahúsnæðis fyrir miðborg Reykjavíkur enda virðist viðhaldi núverandi húsa Miðborgar, sem á tveimur starfsstöðum af þremur eru komin mjög til ára sinna, verið takmarkað sinnt síðustu ár. Sú lausn að færa starfsemi Njálshóla í færanlegar einingar við Vörðuskóla, hversu góðar sem þær byggingar síðar reynast, á einungis að vera *tímabundin* lausn en dugir að mati foreldra engan veginn sem framtíðarlausn í húsnæðismálum leikskólans.

Fyrir hönd foreldraráðs Miðborgar,

A handwritten signature in black ink, reading "Snæbjörn Guðmundsson". The signature is written in a cursive, flowing style.

Snæbjörn Guðmundsson, foreldri á Njálshóla